

## FUNDARGERÐ

**77. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn 28. júní 2011 kl. 15:00-17:00, í húsnæði H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.**

Fundinn sátu: Steinunn Helga Lárusdóttir formaður, Gretar L. Marinósson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir (sem ritaði fundargerð). Brynja Dís Björnsdóttir og Rúnar Sigþórsson boðuðu forföll. Formaður baðst afsökunar á því að hafa láðst að boða varamenn til fundarins.

Tekið var fyrir:

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerðin var samþykkt með örfáum athugasemdum.
2. **Ráðstefna FUM vorið 2012.** Ákveðið var að stefna að því að halda ráðstefnu FUM laugardaginn 25. febrúar 2012, en þá fagna félagsmenn 10 ára afmæli FUM. Tímasetningar voru ákveðnar þannig: Ráðstefnan hefjist kl. 10, sameiginleg dagskrá verði til kl. 11:30. Matarhlé 11:30-12:15. Eftir það verði málstofur til kl. 15:00 og sameiginleg dagskrá kl. 15:00-16:00. Vinnuheiti ráðstefnunnar er: *Framlag menntarannsókna til uppbyggingar samfélagsins*. Ákveðið var að auglýsa á vefjum systurfélaganna og halda fund um framkvæmdaratriði í ágúst.
3. **ENIRDELM ráðstefna 22.-24. september 2011.** Formaður FUM er einnig formaður ENIRDELM samtakanna. Hún upplýsti að ráðstefna þeirra samtaka verði haldin hérlandis ofangreinda daga. Þema ráðstefnunnar er: *Education and Practice of School Leaders: The Ethical Dimension*. FUM er með 5 sæti frátekin á ráðstefnunni. Ákveðið var að leita eftir því að félagið verði með eina málstofu.
4. **FUM - vefurinn.** Þorvaldur Pálmason, Brynja Dís Björnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir hafa unnið saman að gerð vefjar. WordPress verður notað. Verið er að þróa útlitið og afla gagna sem eiga erindi á vefinn. Ákveðið var að fá Brynju Dís á fund í haust til að kynna það sem komið er. Stefnt er að opnun vefjarins í ágúst eða september 2011.
5. **Önnur mál**  
Athuga þarf með fjárhag félagsins. Fjársýsla ríkisins hefur tekið við inngreiðslum félagsmanna fyrir árgjald og tímaritið og greiðslum vegna tímaritsins. Á þessu tvennu er 900 króna mismunur fyrir hvern félagsmann, þannig að til félagsins ætti að renna sú upphæð fyrir hvern og einn, en upplýsingar hafa ekki borist. Upplýsingaflæði til gjaldkera félagsins þarf að bæta.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.